




A



FYR LÖS



TAK

FYR LØS



Efnisyfirlit

1

Hjemmet

Lytteøvelse 1	3
Lytteøvelse 2	3
Lytteøvelse 3	4
Lytteøvelse 4	4
Lytteøvelse 5	5

2

Familien

Lytteøvelse 6	6
Lytteøvelse 7	6
Lytteøvelse 8	7
Lytteøvelse 9	7
Lytteøvelse 10	8

3

Fritid og interesser

Lytteøvelse 11	9
Lytteøvelse 12	9
Lytteøvelse 13	10
Lytteøvelse 14	11
Lytteøvelse 15	11
Lytteøvelse 16	12
Lytteøvelse 17	13
Lytteøvelse 18	13

4

Mod er mange ting

Lytteøvelse 19	15
Lytteøvelse 20	15
Lytteøvelse 21	16
Lytteøvelse 22	16
Lytteøvelse 23	17

Bingo

Tegund

- Leikur.

Form

- Einstaklingsverkefni.

Markmið

- Þjálfar orðaforða sem tengist heimilinu.
- Þjálfar hlustun.
- Þjálfar þýðingar á orðum.

Undirbúningur

- Prenta út verkefnablað 1.
- Smelltu [hér](#) til að fá verkefnablað 1 á PDF-formi. Nemendur geta einnig teiknað bingóspjald með 12 reitum í stílabók.

Um æfinguna

- Kennari skrifar orð og/eða orðasambönd á dönsku úr kaflanum á töfluna í samvinnu við nemendur. Kennari getur spurt nemendur hvaða orð þeir muni eða hvaða orð þeim finnst mikilvæg í kaflanum.
- Kennari skrifar a.m.k. 25 orð á töfluna.
- Nemendur fylla bingóspjaldið sitt með orðum sem þeir velja af töflunni.
- Kennari les upp orð af töflunni að eigin vali, en segir þau á **íslensku**.
- Nemendur strika yfir upplesnu orðin hjá sér.
- Haldið áfram þangað til einhver hefur strikað yfir öll orðin sín og þar með fengið bingó.
- Hægt að endurtaka eins oft og áhugi er á.

Hugmyndir að orðum

køkken, ejendom, lejlighed, bruser, elevator, køleskab, køjeseng, reol, bolig, rækkehus, skraldespand, seng, lampe, trappe, spisebord, skrivebordsstol, sofa, fjernsyn, vaskekælder, komfur, sengetæppe, tørretumbler, cykelkælder, badekar, garage.

Nævn to ting i hjemmet

Tegund

- Samtalsæfing.

Form

- Paravinna.

Markmið

- Þjálfar samtal og frásögn um heimilið.
- Þjálfar orðaforða sem tengist heimilinu.
- Þjálfar ritun.

Undirbúningur

- Prenta út verkefnablað 2, eitt fyrir hvern nemanda.
- Smelltu **hér** til að fá verkefnablað 2 á PDF-formi.
- Skipta nemendum í pör.

Um æfinguna

- Nemendur setjast saman í pörum.
- Hver og einn nemandi fyllir út dálkinn **Jeg** á verkefnablaði 2.
- Því næst spyrja þeir mótherja sinn hvað hann skrifaði og setja inn í dálkinn **Min sidemand**.
- Í lokin fara nemendur yfir hve mörg orð þeir voru með eins og skrifa fjöldann neðst á blaðið.

Se mit v relse

Tegund

- Taka upp myndband   snjallt ki.
- L sa hlutum   herbergi.



Form

- Einstaklingsverkefni e a paraverkefni.

Markmi 

- Þj lfa munnlega f rni.
- Þj lfa or afor a sem tengist heimilinu/herberginu.
- Þj lfa notkun snjallt kja.

Undirb ningur

- Prenta  t verkefnabla  3
- Smelltu **h r** til   f  verkefnabla  3   PDF-formi.

Um  finguna

- Nemandi þarf   hafa  gang   snjallt ki sem hann getur nota  heima.
- Nemandi velur 4–5 hluti   herberginu sem hann vill segja fr . Ekki skiptir m li hvort herbergi  er heima hj  vi komandi nemanda e a annars sta ar.
- Nemandi tekur upp myndband og l sir hlutunum   d nsku.
- L singin   hverjum og einum hlut þarf   vera   2–3 heilum setningum.
Fx Det er min seng. Den er gammel. Jeg kan godt li' min seng.

Setja þarf nemendum t mam rk fyrir skil.

Skil

- Nemandi sendir/s ynir kennara myndbandi .
- Nemandi getur einnig s nt myndbandi    litlum h pi.

Monas familietræ

Hvem er hvad?

Tegund

- Samtalsverkefni.

Form

- Paravinna.

Markmið

- Þjálfar orðaforða sem tengist fjölskyldunni.
- Þjálfar munnlega færni.
- Þjálfar hlustun.

Undirbúningur

- Prenta út verkefnablað 4A fyrir helming nemenda og verkefnablað 4B fyrir hinn helminginn.
- Smelltu **hér** til að fá verkefnablöðin á PDF-formi.
- Raða nemendum í pör.

Um æfinguna

- Hver nemandi fær eitt verkefnablað.
- Nemandi 1 fær verkefnablað 4A.
- Nemandi 2 fær verkefnablað 4B.
- Nemendur eiga í sameiningu að finna nöfn eða ættartengsl Monu og færa þær upplýsingar sem vantar inn í ættartréið sitt.
- Nemendur skiptast á að lesa upp spurningar á blaði og fylla inn þær upplýsingar sem vantar í ættartréið.

Storm

Fra teksten: Storm bor to steder

Dan par af spørgsmål og svar.

Tegund

- Tengja saman spurningar og svör úr texta sem nemendur hafa lesið.

Form

- Paravinna.

Markmið

- Kanna skilning á innihaldi texta.
- Þjálfra munnlega færni og samvinnu.
- Auka tungumálatilfinningu.

Undirbúningur

- Prenta út verkefnablað 5A fyrir helming nemenda og verkefnablað 5B fyrir hinn helminginn.
- Smelltu **hér** til að fá verkefnablað 5A og 5B á PDF-formi.
- Lausnir fyrir kennara eru á verkefnablaði 5C
- Smelltu **hér** til að fá lausnir 5C á PDF-formi.
- Klippa niður spurningar og svör í renninga.
- Skipta nemendum í pör.

Um æfinguna:

- Setningarnar á blaði 5A eru spurningar úr textanum um Storm á bls. 22 í lesbók.
- Setningarnar á blaði 5B eru svör við spurningunum.
- Hvert par fær einn renning af 5A og annan af 5B.
- Nemendur eiga að raða saman spurningum og svörum.
- Spurningarnar eru svartar og svörin eru rauð.
- **Mikilvægt er** að búið sé að rugla spurningum og svörum áður en nemendur fá strímlana.



En gætteleg

Tegund

- Leikur
- Samtalsæfing

Form

- Paravinna

Markmið

- Þjálfar orðaforða tengdum frítíma og áhugamálum.
- Þjálfar munnleg samskipti.

Undirbúningur

- Prenta út verkefnablað 6 fyrir alla nemendur.
- Smelltu **hér** til að fá verkefnablað 6 á PDF-formi.
- Skipta nemendum í pör.

Um æfinguna

- Allir nemendur fá verkefnablað 6.
- Nemendur velja sér eina persónu á blaðinu. Þeir mega ekki segja hver persónan er.
- Nemendur eiga að komast að því hvaða persónu hinn valdi með því að spyrja spurninga.
- Það má einungis svara með því að segja ja eða nei.
- Dæmi: *Kan du li' at spille guitar? Ja/Nei.*

3 Fritid og interesser

Domino

Tegund

- Að raða saman setningarhlutum.

Form

- Paravinna.

Markmið

- Þjálfar samtal og samvinnu.
- Þjálfar orðaforða og máltilfinningu.

Undirbúningur

- Prenta út verkefnablað 7 fyrir helming nemenda.
- Smelltu **hér** til að fá verkefnablað 7 á PDF-formi.
- Klippa út dómínó miða.
- Passa að nemendur fái ekki miðana í réttri röð.

Um æfinguna:

- Nemendur setjast saman tveir og tveir með dómínóspjöld af einu verkefnablaði.
- Nemendur dreifa miðunum þannig að þeir sjáist vel.
- Nemendur skiptast á að velja miða sem passar við þann fyrri.
- Það er mikilvægt að hvetja nemendur til að skiptast á að velja. Þannig fá báðir aðilar tækifæri til að speyta sig óháð hraða.

Spil og fortæl



Tegund:

- Borðspil.

Form:

- Paravinna.

Markmið:

- Þjálfra samvinnu nemenda.
- Vinna með algengan orðaforða tengdum frítíma og athöfnum daglegs lífs.
- Þjálfra munnlega færni á dönsku, bæði í samtali og frásögn.

Undirbúningur

- Prenta út verkefnablað 8 fyrir hvert par. Gott er að prenta/ljósrita það í A3 stærð. Smelltu **hér** til að fá verkefnablað 8 á PDF-formi.
- Finna til teninga og spilakarla fyrir hvert par.
- Raða nemendum í pör.

Um æfinguna:

- Nemendur setjast saman tveir og tveir með spilaborð, tening og spilakarla.
- Nemandi 1 kastar tening og færir spilakarlinn á réttan reit.
- Á reitnum standa fyrirmæli.
- Nemandi 2 les fyrirmælin upp fyrir nemanda 1.
- Nemandi 1 segir frá.
- Nemendur skiptast á að kasta tening, spyrja og svara þar til annar þeirra kemur í mark.
- Nemendur verða að skrá hjá sér það sem félaginn segir.
- Eftir að allir hafa lokið spilinu kynna nemendur frásagnir hvors annars fyrir öllum hópnum eða í minni hópum. T.d. Jóna var í biografen í gær. Hun sá filmen Tarzan. Hun spiste havregrød til morgenmad ...

4 Mod er mange ting

Lyt og leg med

Tegund

- Leikur.

Form:

- Hópverkefni (allur bekkurinn/hópurinn).

Markmið

- Þjálfar nemendur í að hlusta á dönsku.
- Þjálfar nemendur í að tjá sig á dönsku fyrir framan bekkinn/hópinn.

Undirbúningur

- Prenta út verkefnablað 9A til 9C.
- Smelltu **hér** til að fá verkefnablöð á PDF-formi.
- Klippa út miða fyrir alla nemendur í bekknum. Það eru 30 miðar í allt.
- Til þess að leikurinn gangi upp verður röðin á miðunum að vera rétt. Ef nemendur eru færri en 30 t.d. 24 er mjög mikilvægt að nota einungis fyrstu 24 miðana.

Um æfinguna:

- Allir nemendur fá einn miða með fyrirmælum.
- Mikilvægt er að blanda miðunum áður en þeim er dreift.
- Kennari útskýrir leikinn vel og nefnir dæmi um hvernig hann virkar, t.d.: allir eru með miða með ákveðnum fyrirmælum. Ég er með miða sem á stendur að ég eigi að að snúa mér í hring. Einn nemandi í hópnum er með miða sem segir að þegar einhver snýr sér í hring eigi hann t.d. að segja hver uppáhalds kvikmyndaleikari viðkomandi er. O.s.frv.
- Allir nemendur eiga að lesa hvað stendur á miðanum sínum og spyrja kennarann ef þeir skilja ekki eitthvað (án þess að aðrir heyri).
- Nemendur þurfa að hlusta vel á samnemendur sína. Þannig vita þeir hvenær er komið að þeim að fylgja fyrirmælum á sínum miða.
- Leikurinn hefst með því að kennarinn segir: *Nu skal alle i klassen/gruppen rejse sig op.*
- Nemandinn sem er með eftirfarandi fyrirmæli - *Når du hører læreren sige at alla skal rejse sig op, skal du sige hvad du hedder og hvor gammel du er – á þá næsta leik.* Hann segir þá: *Jeg hedder ...*
- Leikurinn heldur áfram þar til að allir nemendur hafa fylgt fyrirmælum.
- Kennarinn fylgist með hvenær síðasti nemandi klárar og lýkur þar með leiknum.

Faret vild i junglen

Tegund:

- Frásögn og rökstuðningur.

Form:

- Hópverkefni.

Markmið:

- Þjálfar samvinnu nemenda.
- Vinna með orðaforða tengdan útivist.
- Þjálfar munnlega færni á dönsku.
- Þjálfar frásögn.
- Þjálfar rökstuðning með orðinu „fordi“.



Undirbúningur

- Prenta út verkefnablað 10 fyrir hvern nemanda.
- Smelltu **hér** til að fá verkefnablað 10 á PDF-formi.
- Skipta nemendum í litla hópa eða pör.
- Ef til vill þarf að fara yfir orðalistann á nemendablaðinu til að öruggt sé að allir nemendur skilji orðin.

Um æfinguna:

- Nemendur eiga að koma sér saman um hvaða hluti þeir myndu taka með sér ef þeir færu út í frumskóg.
- Hópurinn á að velja 5 hluti af listanum og rökstyðja á dönsku hvers vegna þeir völdu þessa 5 hluti.
- Þegar allir hópar/pör hafa komist að niðurstöðu kynnir hver hópur sína ákvörðun með einföldum rökstuðningi. T.d. *Vi vi vil tage en bog med, fordi det er hyggeligt at læse i teltet.*